

ANDLEGT ÞJÓÐARRÁÐ BAHÁ'ÍA Á ÍSLANDI
THE NATIONAL SPIRITUAL ASSEMBLY OF THE BAHÁ'ÍS OF ICELAND

Alþingi

Erindi nr. Þ 136/704

komudagur 12. 1. 2009

10. janúar 2009

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Andlegt þjóðarráð bahá'ía á Íslandi þakkar að fá tækifæri til umsagnar um *Frumvarp til laga um breytingu á lögum um sóknargjöld o.fl., nr. 91/1987.*

Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu má skilja að tilgangur þess sé að jafna stöðu trúfélaga gagnvart stuðningi ríkisins. Það sama má ætla af bréfi Nefndasviðs þar sem talað er um frumvarp um sóknargjöld, 7. mál, **hlutdeild skráðra trúfélaga í jöfnunarsjóði.**

Þegar sjálft frumvarpið er skoðað er aðeins um að ræða breytingu á einni lagagrein, þeirri fimmtu, en sú grein er fyrsta grein í II. kafla laganna sem fjallar um Jöfnunarsjóð sókna.

Auk gjalds skv. 2. gr. ber ríkissjóði að skila af tekjuskatti gjaldi er nemur 18,5% af gjöldum er renna til þjóðkirkjusafnaða og **skráðra trúfélaga** skv. 2. og 3. gr. í sjóð er nefnist Jöfnunarsjóður sókna. Gjald þetta greiðist mánaðarlega. (Breytingin er þessi þrjú feitletruðu orð.)

Þarna er sem sé lagt til að í Jöfnunarsjóð sókna verði greitt ekki aðeins vegna þeirra sem eru í þjóðkirkjunni, heldur vegna fólks í öllum skráðum trúfélögum.

Ekki er hins vegar hreyft við greinum nr. 6 og 7 þar sem kveðið er á um hlutverk sjóðsins og hver fari með stjórn hans og umsjá. Hlutverk sjóðsins er eingöngu að styrkja starf þjóðkirkjunnar enda fer Kirkjuráð hinnar íslensku þjóðkirkju með umsjá og stjórn sjóðsins. Það væri þannig afar sérkennileg ráðstöfun að styrkja enn frekar þennan sérstaka sjóð þjóðkirkjunnar og gera það í nafni annarra skráðra trúfélaga sem engan aðgang hafa að sjóðnum á nokkurn hátt. Væri sjóðnum ætlað að veita fé til annarra trúfélaga þyrfti að breyta nafni hans, hlutverki, úthlutunarreglum og stjórn.

Miklu eðlilegra væri að að greiða samsvarandi gjald beint til annarra trúfélaga en ekki til jöfnunarsjóðs þjóðkirkjunnar, en ekki er hægt að ráða af orðalagi frumvarpsins að það sé meiningin.

Andlega þjóðarráðið telur starf og hlutverk trúfélaga hafa verið ákaflega vanmetið á undanförunum árum og áratugum en þau ættu að gegna stóru hlutverki við að rækta siðgildi og dyggðir, og styðja við andlegan þroska og velferð einstaklinga og samfélags, auk þjónustu á tímamótum í lífi fólks. Það er ekki ætlun bahá'í samfélagsins á Íslandi að seilast í vasa ríkissjóðs eða skattgreiðenda, en sé það vilji ríkisvaldsins að styðja við það margþætta starf sem trúfélög leggja stund á og gæta þar jafnræðis, væri það verðugt verkefni. Vissulega er löngu tímabært að taka allan lagaramma um starfsemi trúfélaga til endurskoðunar, til þess einmitt að auka jafnræði og samræmingu. Málfar, orðanotkun og beiting hugtaka er meðal þess sem verulega þyrfti að huga að við slíka endurskoðun en orðalag laga og reglugerða um málefni þessu tengd er nánast einskorðað við kirkjulega orðræðu.

Með bestu kveðjum,
f.h. Andlegs þjóðarráðs bahá'ía á Íslandi


Ingibjörg Daníelsdóttir, ritari